

FORSETAÚRSKURÐUR**10**

28. febr.

um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting
starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

Af málefnum þeim, er í nefndum úrskurði voru falin Bjarna ráðherra Ásgeirssyni, skulu húsmæðraskólar í sveitum heyra undir Eysteín ráðherra Jónsson.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G**11**

28. febr.

um tilraunastöð háskólans í meinafræði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjársjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð háskólans í meinafræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

2. gr.

Forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

3. gr.

Við stofnunina starfi 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera efnafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknadeildar.

4. gr.

Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

11

28. febr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og tilraunaráðs búfjárræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið tilraunastöðvarinnar.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 64 7. maí 1940 gilda ekki um stofnun þessa.
Lög nr. 86 10. okt. 1946 eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

12

28. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Aftan við orðin „skal vera fimm manna nefnd“ í 1. mgr. 2. gr. laganna bætist við orðin: og fimm menn til vara.
- b. Í stað „þriggja almanaksára“ í 2. mgr. sömu lagagreinar komi: fimm almanaksára.

2. gr.

- a. A-liður 3. gr. laganna orðist svo:
Að sérleyfið gildi fyrir fimm ár og sé óframseljanlegt.
- b. E-liður sömu lagagreinar orðist svo:
Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja póst eftir gjaldskrá og reglum, er ráðherra setur.

3. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nefnd sú, sem skipuð er samkvæmt 2. gr., og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skulu hafa sem nánasta samvinnu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1947.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.